



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Fyrirmyndarkonan

Staða og ímynd íslenskra kvenna 1780-1820

Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði

Hrund Malín Þorgeirsdóttir

September 2012

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði

Fyrirmyndarkonan

Staða og ímynd íslenskra kvenna frá 1780-1820

Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði

Hrund Malín Þorgeirsdóttir
Kt.: 120888-3589

Leiðbeinandi: Anna Agnarsdóttir
September 2012

Ágrip

Í eftirfarandi ritgerð verður farið yfir helstu einkenni fyrirmyndarkonunnar frá 1780-1820 á Íslandi. Þá verður lögð sérstök áhersla á rit séra Björns Halldórssonar *Arnbjörgu* sem var ætlað sem kennslurit í hússtjórn og *Ræður Hjálmars á Bjargi* eftir Magnús Stephensen. Þá verður gerður samanburður á þessum tveimur ritum og boðskapur þeirra borinn saman við raunverulegar íslenskar konur sem lifðu á þessum tíma. Raddir þessara kvenna eru túlkaðar og metnar í gegnum æviminningar og bréf skrifuð með þeirra hönd sem og greinar fræðimanna um þær. Einnig er notast við ferðabækur erlendra manna sem heimsóttu landið á þessum tíma í þeim tilgangi að varpa ljósi á stöðu og ímynd kvenna um aldamótin 1800.

Hér verður farið í það sem talið var til fyrirmyndar; hvaða kröfur voru gerðar til kvenna og hvaða frelsi höfðu þær til þess að fylgja sínum eigin þrá? Var lýsing séra Björns á fyrirmyndarkonunni raunhæf? Hverjar voru væntingar kvenna til lífsins? Hvað varð um þær konur sem stóðust ekki væntingar samfélagsins? Þessum spurningum verður svarað í þeim tilgangi að komast að því hver fyrirmyndarkona Íslands hafi verið fyrir tíma kvenréttindabaráttunnar, menntunar og kosningaréttar kvenna.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Fyrirmyndarkonan	5
1.1 <i>Arnbjörg</i>	5
1.2 Hjálmar á Bjargi	8
2. Til hvers var ætlast af íslenskum konum?	11
3. „Hinar“ konurnar	14
4. Ferðalög, vonir og þrár	17
4.1 Guðrún Einarsdóttir hundadagadrottning.....	18
4.2 Gyða Thorlacius	20
Niðurstöður	24
Heimildaskrá	27

Inngangur

Af því það er Guðs boð, þá er hún bónda sínum undirgæfin í kærleika og hlýðni; hún er hans besti trúnaðarmaður, hollasti ráðgjafi, tryggvasti vinur; hún sýnir honum blíðu í umgengni, hugarlátsama önnustu í sjúkleika, huggun og meðhjálp í sorg og áhyggju, þolinmæði yfir brestum hans, þagmælsku í þeirra ráðagjörðum og fyrirætlan. Hún er langtum heldur svegjanleg enn þrætugjörn, ef bóndinn er sérlyndur, og fellst á hans ráð, þó henni sé miður umgæfið, nema þau leiði til syndar og ósóma¹

Það sem samfélagið ætlast til af konum hefur breyst í gegnum tímanna rás. Á síðastliðnum 100 árum hafa kvenréttindi aukist víðsvegar í heiminum en fyrir þann breytingatíma átti ofangreind lýsing við um íslenskar konur. Konur sem slíkar hafa ekki breyst mikið síðan þessi orð voru skrifuð fyrir aldamótin 1800. Boðskapur þessarar tilvitnunar hefur heldur ekki breyst að fullu—en samt að mörgu leyti. Það sem hefur breyst er í raun ekki konan sjálf heldur umhverfið og hvernig við metum fólkið í kringum okkur. Það sem við teljum æskilega kosti sem konur (og karlar) ættu að búa yfir í dag eru til að mynda sjálfstæð hugsun, sjálfsöryggi og metnaður. Þetta eru allt kostir sem konur 18. og 19. aldarinnar áttu einnig að hafa en þessum kostum var beitt á annan hátt en gert er í dag. Þá voru þær takmarkaðar við ákveðin störf sem þeim bauðst og þurftu þær að nota sína styrkleika innan veggja heimilisins á meðan nútímakona í vestrænu samfélagi getur lagt heiminn að fótum sér. Við erum ekki svo ólík formæðrum okkar, aðstæður hafa einungis breyst.

Hér verður farið í það sem talið var til fyrirmyndar. Það sem við teljum til fyrirmyndar í dag er ekki hið sama í öllum tilvikum og það sem var talið æskilegt fyrir 200 árum. Séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal (1724-1794) skrifaði ritið *Arnbjörg* árið 1783 sem ætlað var sem kennslurit í hússtjórn. Í ritinu eru teknir saman þeir kostir sem fyrirmyndar húsfrú átti að búa yfir og hvernig hún átti að haga sér. Tæpum 40 árum síðar skrifar Magnús Stephensen (1762-1833) bók sem segir frá samtali Hjálmars á Bjargi við börnin sín.² Þegar hann svarar spurningum dóttur sinnar koma fram mikilvæg atriði um giftingar og hugmyndir ungra kvenna um framtíðar lífsgæði sín. Hvaða kröfur voru gerðar til kvenna og hvaða frelsi höfðu þær til þess að fylgja sínum eigin þrám? Hér verður einungis lögð áhersla á konur á Íslandi, þó fær ein dönsk sýslumansfrú að fljóta með.

¹ Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, bls. 16-17.

² Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*, 1820.

Viðfangsefni ritgerðarinnar sem hér á eftir fer er að rýna í hverjar *fyrirmyndar*-konurnar hafi verið í kringum aldamótin 1800 og með tvö fyrrgreind rit að leiðarljósi voru lesnir ýmsir flokkar heimilda; æviminningar og bréf kvenna sem og samantektir fræðimanna og lýsingar erlendra ferðamanna á konum þessa tíma. Eftirfarandi rannsóknarspurningar verða til umfjöllunar; var lýsing séra Björns á fyrirmyndarkonunni raunhæf? Hverjar voru væntingar kvenna til lífsins? Hvað varð um þær konur sem stóðust ekki væntingar samfélagsins? Með þessar spurningar í huga verður farið yfir hver staða og ímynd íslenskra kvenna hafi verið um aldamótin 1800; fyrir tíma kvenréttindabaráttunnar, menntunar og kosningaréttar kvenna.

1. Fyrirmyndarkonan

1.1 *Arnbjörg*

Fyrirmyndir kvenna, sem og annarra, byggjast að mestu leyti á tíðaranda og menningarstraumum hvers tíma. Árið 1783 var hið merka rit *Arnbjörg* gefið út en það var hugsað sem kennslurit í hússtjórn. Í dag telst það athyglisvert að bók skrifuð fyrir konur sem útlistar hvernig konur eigi að haga sér, hafi verið skrifað af karlmanni. Hafa þarf í huga að fáar konur voru skrifandi um aldamótin 1800³ og ekki hefur mikið varðveist af bréfum eða dagbókum. Séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, höfundur *Arnbjargar*, skrifaði bókina með konuna sína Rannveigu Ólafsdóttur að fyrirmynd⁴ en hún hefur að öllum líkindum hjálpað séra Birni með bókina, þá einna helst þá kafla sem snúa að störfum kvenna innan heimilisins. Þótt séra Björn hafi verið vel að sér í garðyrkju, en talið er að hann hafi ræktað fyrstu kartöfluna, þá hefur hann líklega þurft hjálp við ýtarleg skrif sín um eldamennsku, ullarvinnslu sem og vinnslu ýmissa matvæla. Séra Björn skrifaði einnig ritið *Atli* árið 1780 sem er búfræðikver skrifað fyrir karlmenn. *Arnbjörg* er hliðstæða *Atla* en saman eru þau hin íslensku fyrirmyndar- hjón sem byggðu bú fyrir aldamótin 1800. Með þetta í huga ber að líta á hvaða kvenkosti hin skynsama fyrirmyndarkona (sem nefnd er Arnbjörg) tileinkaði sér.

Ekki þarf að undra að á fyrstu blaðsíðum *Arnbjargar* er áhersla lögð á guðsóttu. Ekki er guðsóttinn einungis mikilvægur vegna þess að höfundurinn var prestur heldur var kirkjurækni, trúarandi og guðsótti mjög mikilvægur þáttur íslenskrar menningar á þessum tíma. Samkvæmt séra Birni ýtir guðsóttinn undir þá kosti sem konur búa yfir umfram karla

³ Sjá grein Lofts Guttormssonar, „Læsi“, *Íslensk Þjóðmenning* 6, Reykjavík (1989).

⁴ E. J. Stardal, „Formáli“, *Arnbjörg*.

sem eru „nákvæmni, meðaumkan, blíðlyndi, hugarlátsemi [og] tilleiðanlegleiki“.⁵ Þegar húsfrú býr yfir þessum kostum lyndir allt vel í hennar húsum og bóndi hennar má teljast hafa gifst vel.

Lýsing séra Björns á kostum kvenna er margvísleg og forgangsraðar hann tryggð hennar svo að fyrst koma Guð og föðurvaldið, því næst kóngur og yfirvöld, svo bóndi hennar og börn og að síðustu á hún að hugsa til hjúa sinna, nágranna og almennings.⁶ Hugmyndinni sem varpað er fram í *Arnbjörgu* um fyrirmyndarkonuna er ekki laus við að vera draumórakennd og á köflum fremur óraunhæf hvað varðar mannlegt eðli. Þá stendur að fyrirmyndarkonan treður öðrum aldrei um tær, hvorki með hugmyndum sínum né gjörðum.⁷ Kannski er það einungis nútímaviðhorf að segja að þetta sé óraunhæf lýsing á konu því eins og Erla Hulda Halldórsdóttir bendir á í doktorsritgerð sinni, *Nútímans konur*, skrifar Helgi Thordersen (síðar biskup) í neðanmálsgrein í *Arnbjörgu* að heilræði höfundarins „eru svo kristilega nákvæm og hjartanleg, að eg gét ei annað enn óskað hvörri konu til lukku sem þau les með verðugu athygli, enn – sú sem hlýðir þeim, er í sannleika kóróna manns síns.“⁸

Arnbjörg brýtur aldrei gegn boðum Guðs, yfirvalda eða almennings þótt það væri henni til framdráttar. Ef til vill á það einnig við um karlmenn að brjóta ekki gegn Guði, yfirvöldunum og almenningi, en séra Björn þrengir hringinn litlu síðar þegar hann tekur fram að „[k]ona tekur rétt og mannvirðing af bónda sínum, leitar hún sóma hans í öllu, og þareptir vex hennar eginn sómi. [...] Sína innvortis kosti tekur hún hvergi at láni, þá hefur hún sjálf gífins af Guði.“⁹ Ef *Arnbjörg* endurspeglar samfélag ritunartíma hennar þá er þessi tilvitnun mjög lýsandi fyrir sjálfsímynd kvenna um aldamótin 1800. Kona dró styrk sinn í samfélaginu frá orðstír og stöðu bónda síns en innvortis kostir hennar voru hennar eigin. Hvað þessa „innvortis“ kosti varðar þá bauðst konum lítið annað en að annast hússtörf svo hvaða kosti sem Guð hefur ákveðið að gefa hverri konu þá má vona að þeir hafi verið nýtsamir innan veggja heimilisins. Mannkostir líkt og keppnisskap, metnaður og gáfur voru því þeirra eigin og bjóða þeir upp á margt, en umræddar konur urðu að finna leið til þess að miðla þessum kostum sínum í heimilisverkin.

⁵ Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, bls. 7.

⁶ Sama heimild, bls. 10.

⁷ Sama heimild, bls. 13.

⁸ Sama heimild, bls. 18, neðanmáls merkt *. Hér er Helgi sérstaklega að tala um kafla 12-15 á bls. 15-18. Sjá einnig umfjöllun Erlu Huldu í *Nútímans konur*, bls. 86.

⁹ Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, bls. 15.

Hvað persónuleika Arnbjargar varðar þá á hún ávallt að setja aðra í fyrirrúm, hún er hugulsöm við þurfamenn og vini sína, hún gerir vel að öllum mönnum og „hún vill allra mein bæta, sem mest hún má, og sér aumur á allra nauðsyn, þó það kosti hana erviði, áhyggju og efni.“¹⁰ Mikið er um andstæður í ritinu en hin skynsama Arnbjörg er alvörugæfin og ljúflynd í skapi á meðan hin „óskynsama“ kona er fúllynd norn í skapi.¹¹ Höfuðdyggðirnar þrjár í *Arnbjörgu* eru; skírlífi, tryggð og guðrækni. Vanti konu einhverja þessara þriggja dyggða er hún slæm kona.¹² Arnbjörgu er lýst á þann veg að „hún sé góð vinnukona, þrífín, nytin, og sparsöm, hún er holl og trú í þjónustu, hlýðin víðfelldinn og sveigjanleg í geði, [og] hún er ráðvönd og guðhrædd“.¹³

Tilgang kvenna ræðir séra Björn í þrettánda hluta kversins (bókin er uppsett af 71 stuttum köflum), en þar segir hann að konur hafi verið settar á þessa jörð til þess að mýkja skap karlanna. Konur, sem eru í eðli sínu mjúkar, hugulsamar og gerðar til þess að annast aðra, eiga með nærgætni sinni að róa karlmenn niður þegar þeir reiðast og venja þá frá brestum sínum. Fyrir þetta hlutverk sitt eiga þær ekki að biðja um neinskonar laun heldur bíða dauðans því þeim verður umbunað af Guði fyrir afrek sín í þessu lífi.¹⁴

Með trúrækni, Guðsótta og skynsemi í huga ræðir séra Björn um mikilvægi nágranna. Eins og áður var nefnt á Arnbjörg að hlúa að öllum; fjölskyldu sinni, þurfamönnum sem og nágrönnum. Vinsældir Arnbjargar aukast ef hún getur hjálpað nágrannakonum sínum með klæði, mat eða þvíumlíkt. Samskipti milli nágrannakvenna eiga að vera góð en ekki of mikil að mati séra Björns. Slæmt þykir ef húsfreyjan fer of langt frá heimili sínu því hennar er ávallt þörf heimavið. Skiljanlegt þykir séra Birni þó að húsmæður þurfi—nauðsynlega—stöku sinnum að fara af bæ, til að mynda í brúðkaup. Þá eigi þær að nota tækifærið til þess að sjá hvernig aðrar konur hagi hússtjórn sinni og læra af þeim í þeim tilgangi að bæta sig og sitt eigið heimili. Slæmt þykir að vera forvitin og spurul (á það einnig við um karlmenn). Á þá séra Björn sérstaklega við um slúður. Arnbjörg hefur nóg með sitt að gera og hefur ekki tíma til að finna að öðrum en „[h]ún er stilt og auðmjúk, lítillát og orðvör, hatar baktal og íllann umlestur, ei síður enn hæðni og nafnagiftur.“¹⁵ Að lokum ræðir séra Björn húsverk og annað nýtsamlegt hvað varðar störf kvenna innan heimilisins (verkun ullar, mjólkur, kjöts og þess

¹⁰ Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, bls. 10.

¹¹ Sama heimild, bls. 12.

¹² Sama heimild, bls. 16.

¹³ Björn Halldórsson, *Atli*, bls. 2. Stafsetning aðlöguð að nútímamáli.

¹⁴ Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, bls. 10.

¹⁵ Sama heimild, bls. 14 og 17.

háttar) en mikla áherslu leggur hann á hreinlæti húsfreyja. Þær bera ábyrgð á að matvæli séu gerð í hreinum ílátum, að herbergi séu þrífín og að föt séu hrein og heil.¹⁶

Arnbjörg er því dugnaðarforkur sem hefur bæði yfirsýn og getu til að sinna öllum störfum innan heimilisins. Hún elur börnin sín upp og kennir þeim hvernig þau eigi að haga sér. Hún róar og mýkir manninn sinn, venur hann af ókostum og ýtir undir mannkosti hans. Á meðan þessu öllu stendur er hún ætíð þolinmóð, óspurul, ávallt til staðar, hlýðin, sveigjanleg og ljúflynd en alls ekki þrætugjörn. Síðast en ekki síst þarf hún enga umbun fyrir verk sín, en hennar sómi eykst í takt við mannvirðingu mannsins hennar. Þetta er fyrirmyndarkonan.

1.2 Hjálmar á Bjargi

vandfengnar heyri eg þó sagt að góðar *bústýrur* séu, sem reynast hollar, trúar og hússbónda sínum haganlegar, þó enn vandfengnari væn *Hússfreyja*, sem eg af dæmum veit allteins mis-géfast; sumar að sönnu vel, en sumar ílla, ángra og gremja *Bændur* sína með þverúd, rádríki og strídsemi; sumar verda eldur í búum með eydsu, óráði og óþrífnaði, en allar búa þær *bændum* sínum þau lífs-kjör, blíð eda stríd, sem fleirstir mega úr því dúsa við alla æfi, sumir sælir, sumir við þau manna vesælastir, svo *vandræði mestu tel eg að gipta sig*¹⁷

Með þessum orðum lýsir Jón, sonur Hjálmars á Bjargi, vandkvæðum þess fyrir karlmenn að gipta sig. Hér er Jón greinilega ekki að tala um konu eins og Arnbjörgu. Í bókinni *Ræður Hjálmars á Bjargi* setur Magnús Stephensen upp samtali milli Hjálmars og barna hans. Hjálmar fer að mestu yfir það sem synir hans þurfa að vita hvað varðar búfræði sem lítið varðaði konur á þessum tíma. Í bókinni er ekki lögð áhersla á hvernig hin fyrirmyndarkona eigi að vera en þó er nokkurri orku eytt í að ræða giftingar og á hvaða forsendum menn eigi að velja sér konur sem og konur menn. Þegar kemur að hinu viðkvæma máli *giftingum* getur dóttir hans, Helga, ekki setið á sér. Stíll og málfar texta Magnúsar er svo snilldarlegur að synd væri að brjóta hann niður svo hér er andsvar hennar Helgu eins og það er ritað í útgáfu Arnar Hrafnkelssonar frá árinu 1999 af þessari merku bók;

hvað má þá ecki segja um ockur *Stúlkna garmana*, sem sjaldan fáum valid um oss gédfelda menn, eins og þeir Piltar og Konur, en verðum margar seldar, rétt sem fénaður, undir misjafna yfirdrottnun, opt þess fyrsta ruddamennis, sem

¹⁶ Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, bls. 54-55.

¹⁷ Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*, bls. 57-58.

býdst, hversu illa sem ega kann við vort géd, af ótta fyrir, að vær annars visnum strax upp til kérlinga; og þækti mér gott, að við Dætur ydar mættum Fødur vors heilræða, allteins og þeir Brædur, adnjóta um þetta markverdasta efni í voru lífi, fyrst við þoll erum *Börn ydar jafnt*¹⁸

Ótti Helgu endurspeglar án efa ótta margra kvenna sem bjuggu í feðraveldi, þá sem og nú. Magnús skrifar þessa bók 1820 og er sýn hans á giftingar raunhæfari en séra Björns sem skrifaði sínar bækur um 40 árum fyrr. Það sem *Ræður Hjálmars* hafa fram yfir *Arnbjörgu* er til að mynda hávæer rödd Helgu. Helga gagnrýnir, spyr og deilir áhyggjum sínum með lesendanum en ef Arnbjörg hefur einhverjar áhyggjur um lífskjör sín þá heldur hún þeim fyrir sig. Magnús skelfur heldur ekkert af stöðu kvenna í samfélagi hans tíma. Fjöldi kvenna kvæntist mönnum sem síðar reyndust þeim ekki góðir en ólíkt giftum nútímakonum þá urðu þær oft að sætta sig við hlutskipti sitt til dauðadags. Hjálmar ráðleggur börnum sínum að hugsa sig vel og vandlega um áður en hringar eru settir upp, hann gengur svo langt að segja að „*hollt [sé] að hugsa sig um það æfilángt*“¹⁹, þetta brýtur í bága við orð séra Björns sem segir í *Atla* að „þó hún sé ei meir enn 16 vetra, þá er hún gjafvaxta og nú á besta aldri til at giftast manni“.²⁰

Helga er mótfallin því að biða jafnlengi og faðir hennar ráðleggur til þess að kvænast. Hún segir að ef einhver biðji um hönd hennar sem henni lítist á þá sjái hún ekki mikinn mun á því að vera *ánauðug* honum heldur en föður sínum. Hún hefði að minnsta kosti yfirráð yfir húsi sínu, hjúum og sameiginlegum eignum ef hún væri gift kona. Rödd Helgu er mjög ákveðin í bókinni. Helga er greinilega óvitlaus um það hvernig heimurinn virkar og gerir hún sér grein fyrir þeim erfiðleikum sem munu mæta henni í framtíðinni sem konu. Hún hefur þann metnað að verða ekki vinnukona sem púlar æfilángt „fyrir klénann kost og fatnad optarst, og eckert hafa afgangs til að taka í ellinni, þá lúi, útslit og heilsubrestur aðþreyngja, en mega þá varpast á miskunarlitíd hreppa framfæri, sem ómagi“.²¹ Þvert á móti vill hún vera sinn eigin „herra“ og hafa þá stjórn sem hún getur yfir sínu lífi. Hjálmar svarar dóttur sinni á þann veg að gift kona sé engu frjálsari en ógift kona. Ekki er hún bara undirgefin Guði, lögum landsins og manni sínum heldur bætast ofan á það börnin hennar og hjú, þetta er einnig áhersluatriði hjá séra Birni í *Arnbjörgu*. Húsfreyja þarf að huga að heimilinu, búskap og

¹⁸ Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*, bls. 58.

¹⁹ Sama heimild, bls. 59.

²⁰ Björn Halldórsson, *Atli*, bls. 3. Stafsetning aðlöguð að nútímamáli.

²¹ Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*, bls. 58-59.

skepnum sem er sífellt erfiði og tekur allan hennar tíma.²² Magnús og séra Björn eru sammála hvað þetta varðar því hér predikar Hjálmar sama tóninn og finna má í *Arnbjörgu*. Þegar hér er komið við sögu gæti gripið lesandann ákveðin svartsýni hvað varðar giftingar en þessu bjargar Magnús með því að áréttta að Skaparinn vilji að fólk gifti sig til að búa jörðina en Hjálmar vill ekki að hún Helga sín visni upp þegar ellin nálgast, því eins og allir vita þá halda þær konur ekki heilsu sinni sem hvorki kvænast né eignast börn.²³

Nú þegar nauðsyn giftinga er komin á hreint getur Hjálmar sagt börnum sínum á hvaða forsendum velja eigi maka. Slæmt þykir honum ef valið byggist á útliti því „*ad opt kann flagd vera í föggu skinni*“.²⁴ Að lokum gefur Hjálmar börnum sínum föðurlegt ráð sem má staðhæfa að eigi við enn þann dag í dag;

á meðan *ecki gjörþeckid persónu þá*, sem þér viljid binda hana og øll ydar lífs kjör vid í brád og lengd; *ecki álit*, *ecki vyrðingar*, *ekki ættgøfgi* og allrasíst hverfulann *aud*; heldur látid góða, dygduga, gédprúða, sidsama og dádríka sálu útgjóra um ydar val til þessa ydur markverdasta hlutfalls í lífinu, undir hverju komin er, optast æfilángt, ydar tímanleg lucka og ánægja øll.²⁵

Sú lýsing á hjónabandi sem fengin er í gegnum Hjálmar á Bjargi sýnir að í grunninn hafa samskipti kynjanna ekki breyst svo mikið að eiginleikar sem við teljum góða í dag eru þeir sömu og þeir voru fyrir 200 árum. Vandamálið við þennan fallega texta er að áhyggjur Helgu og upplifun hennar að hún sé bundin og ánauðug karlmanni eru „leystar“ á þann hátt að hún eigi bara að hugsa sig vel um hvaða karlmanni hún játist. Magnús var forystumaður upplýsingarinnar en þrátt fyrir framúrstefnulega hugsun—sem jaðrar sums staðar við jafnrétti—þá er bók þessi samt sem áður skrifuð á fyrri hluta 19. aldar og því er lausnin skiljanlega ekki að breyta hjónaböndum á þann hátt að meira jafnræði sé við lýði heldur er Helgu bara ráðlagt að velja manninn vel sem hún binst til æviloka. Sömu gildi og áherslur eru enn til staðar í bók Magnúsar og í *Arnbjörgu*, þetta má til að mynda sjá í ljóðinu „Þrifna konan“ sem Hjálmar notar máli sínu til stuðnings;

Sæll er sá madur til sambúdar hlýtur,
sidada Konu, ef þrifnadi ann;
heimilis sælda ef hollra nýtur,

²² Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*, bls. 59.

²³ Sama heimild, bls. 60.

²⁴ Sama heimild, bls. 62.

²⁵ Sama heimild, bls. 64.

og hjónabands yndælis saknar ei hann.
Því yfrid huggladur sjér árla og seint,
allt húsid og rúmid og fatid tárhreint. ...

[...]

Hrein eru börn hennar hvar sem menn lýta,
frá hvirfli til ilja, svo snilld þykir á;
hin elldri vel gefast, allt þrífa og nýta,
þeim ýngri sjást jafnan hún veitir umsjá.
Hún þeirra til hreinlætis lagar fljótt lund,
sem laungum gaf vyrding og heillir í mund. ...²⁶

2. Til hvers var ætlast af íslenskum konum?

Hér að framan hafa árin fyrir aldamótin 1800 verið í miðdepli en eftirfaranda umræða tekst á við fyrstu tvo áratugi 19. aldarinnar. Bríet Bjarnhéðinsdóttir var ófædd, konur höfðu hvorki rétt til kosninga né kjörgengis, þeim var ekki ætlað að setjast á skólabeck—hvað þá háskólabeck—og möguleikar kvenna ákvörðuðust oftast af þeirri stétt sem þær fæddust inn í. Enn fremur var geta þeirra takmörkuð við þau störf sem buðust innan heimilisins. Væntingar til kvenna voru því einnig takmarkaðar við heimilið.

Hjónaband var mikilvæg stoð samfélagsins. Giftingaraldurinn var misjafn en þótt það sé skrifað í *Atla* að stúlkur hafi verið á besta aldri til að giftast 16 ára þá segir Hjálmar á Bjargi börnum sínum að hugsa sig vel og lengi um áður en hjúskaparákvarðanir væru teknar.²⁷ Kona á 19. öldinni, líkt og á öðrum tímum, vildi án efa eignast börn og eina leiðin til þess (án þess að vera samfélagslega útskúfuð) var að giftast. Árið 1811 skrifar Ingibjörg Jónsdóttir (1784-1865), sem varð húsfreyja á Bessastöðum, bróður sínum bréf um hjúskaparmál sín. Bróðir hennar var Grímur Jónsson (1785-1849), síðar amtmaður, en hann var staddur í Kaupmannahöfn í herskóla á meðan þeim bréfaskrifum sem hér umræðir stóð. Í mörgum bréfum Ingibjargar til Gríms biður hún hann um ráð hvað varðar vonbiðil hennar, Þorgrím gullsmið Tómasson. Ingibjörg virðist hafa mikla trú á bróður sínum og álit hans. Þegar Þorgrímur bað fyrst um hönd hennar vissi hún ekki hvað hún ætti til bragðs að taka svo hún vísar Þorgrími á bróður sinn.²⁸ Ingibjörg skrifar bróður sínum þess efnis en hún skrifar „[s]att segi eg þér, að ekki vil eg vinna það til hans eða nokkurs manns að gjöra þér á móti, og aldrei skal eg binda þér neinn mann upp á höldin, sem þér er ekki ljúft að antaka sem bróður.“²⁹

²⁶ Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*, bls. 66-67. Neðanmálgrein: Óþekktur höfundur, „Þrífa Konan.“ Hákon Jónsson þýddi. *Klaustur-Pósturinn* 1 (desember 1818), bls. 185-156.

²⁷ Björn Halldórsson, *Atli*, bls. 3 og Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Björgum*, bls. 59.

²⁸ Finnur Sigmundsson, „formáli“, *Húsfreyjan á Bessastöðum*, bls. V.

²⁹ *Húsfreyjan á Bessastöðum*, bls. 10.

Svo mikla trú hafði hún á álit bróður síns að ef hann hefði eitthvað á móti vonbiðli sínum þá myndi samband þeirra Þorgríms ekki fara lengra. Ekki er réttlátt að alhæfa að allar konur þessa tíma hafi reitt sig jafnmikið á skoðanir karlmanna sem þær litu upp til og hún Ingibjörg. Áhugavert er að 27 ára kona sem hugði að hjónabandi hafi byggt þá ákvörðun sína nánast að öllu leyti á álit bróður síns sem bjó í öðru landi. Þá er sérstaklega lýsandi fyrir samband þessara systkina að ári eftir að Ingibjörg skrifar bróður sínum um áhyggjur sínar hvað varðar bónorð Þorgríms þá skrifar Grímur henni bréf og tilkynnir henni að hann sé giftur. Af svari Ingibjargar við því bréfi má sjá að hún hafi lítið vitað um umrædda mágkonu sína svo augljóst er að Grímur var ekki jafnháður eldri systur sinni og hún honum.³⁰ Þetta er vísbending um að ekki hafi einungis verið ætlast til þess að konur tækju hjónabands-ákvörðanir í samráði við karlmenn innan fjölskyldunnar heldur einnig að Ingibjörg væntist þess af bróður sínum að hann segði sér til. Ingibjörg sem var dugleg og klár kona síns tíma gat samt sem áður ekki tekið þessa ákvörðun ein. Hugsanlegt er að slík ákvörðun hafi verið yfirþyrmandi og þá hafi henni kannski fundist betra að deila ábyrgðinni með einhverjum sem hún leit upp til. Hverjar sem ástæður hennar voru þá giftist hún honum Þorgrími samt sem áður, þremur árum síðar³¹.

Erfitt er að alhæfa neitt um skoðanir allra kvenna í heild sinni því þær eru jafnmismunandi og þær eru margar. Efnahagsleg staða kvenna hafði einnig áhrif á hugarfar, möguleika og væntingar þeirra. Samt sem áður var stéttamunur í fátæku samfélagi eins og einkenndi Ísland í byrjun 19. aldar ekki jafnstórt og sá sem sjá mátti annars staðar í Evrópu.³² Á ferð sinni um Ísland árið 1810, fór Henry Holland í heimsókn til margra heldri manna, sem og fólks innan bændastéttarinnar. Þeim var vel tekið á flestum bæjum og var fólk skiljanlega forvitið um ferðalangana. Holland lýsir bæjarháttum og fólki á skemmtilegan hátt en biskupsfrúnni, Sigríði Halldórsdóttur (1768-1846), lýsir hann svo að „ekkert í framkomu hennar eða fasi bar vitni hinni háu stöðu hennar í þjóðfélaginu.“³³ Hann var því ánægður með að ávarpstíll kvenna væri mismunandi eftir stéttum (til dæmis jómfrú, fröken, maddama og frú) því annars gætu þeir ekki gert greinarmun á þeim æðri og hinum ótignari.³⁴ Klæðaburði kvenna lýsa þeir svo að á dansleik einum hafi aðeins þrjár konur klætt sig upp í

³⁰ *Húsfreyjan á Bessastöðum*, bls 26.

³¹ Sama heimild, bls 43.

³² Samanber umsögn William Jackson Hooker í *Journal of a Tour in Iceland in the Summer of 1809* I bindi, London, 1813, bls. 137.

³³ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 60.

³⁴ Sama heimild, bls. 60.

Íslenska búninginn en hinar hafi verið klæddar eins og hafi tíðkast hjá enskri millistétt. Íslenskur dansleikur var því líkur sveitadansleik á Englandi.³⁵ William Jackson Hooker sem var á ferð um Ísland árið 1809 lýsir í sinni ferðabók prestinum á Þingvöllum en þar segir hann að „[k]læðin komu tæpast upp um klerkinn, því [hann] fékk ekki séð að þau væri á neinn hátt frábrugðin fatnaði íslensks bónda.“³⁶

Þrátt fyrir fátækt þá var gestrisnin afar góð en Holland og félögum var til að mynda oft boðið upp á heitt súkkulaði á ferðum sínum sem hlýtur að hafa verið mikil munaðarvara þess tíma.³⁷ Lítinn mun sáú þeir á konum inni á heimilunum en burtséð frá fatnaði þeirra þá má sjá aðra vísbendingu þess að konur úr efri stéttum hafi sinnt líkum hlutverkum og vinnukonur þegar Holland lýsir borðhaldi hér á landi. Hann nefnir á einum stað að líkt og við aðrar máltíðir þá hafi frú hússins og dætur hennar þjónað karlmönnunum til borðs. Síðar skrifar hann að þegar gesti beri að garði, og fyllsta velsæmis sé fylgt, þá er sá siður við lýði að konur sitji ekki við borðið á meðan karlmennirnir sitji við það. Einni máltíð lýsir hann á þann veg að frúin og dæturnar hafi beðið á meðan karlarnir borðuðu „í eins konar fordyri fyrir framan stofuna og [þær] litu öðru hverju innfyrir.“³⁸

Af lýsingum Holland og kennslu séra Björns má draga þá ályktun að frúr heimilanna hafi tekið að sér mikla vinnu innan heimilisins. Bókleg menntun ungra kvenna var lítil utan þess sem þeim var kennt til þess að mega fermast. Heldri konur gátu lesið og hugsanlega gátu sumar þeirra jafnvel skrifað en þeirra tími fór í að læra heimilisstörfin af mæðrum sínum, sauma, spinna, verka mat (kjöt, fisk og mjólkurafurðir) og svo framvegis. Þekkingin sem þær bjuggu yfir hvað varðar til að mynda ullarvinnslu og húsráð til að láta mat endast (súrsun og þess háttar) var gífurleg en ekki verður hjá því komist að væntingar sem gerðar voru til þekkingar kvenna takmarkaðist við heimilisstörf og barnaupveldi.

Þá er komið að líffræðilegum—og hugsanlega mikilvægustu—væntingum til kvenna; móðurhlutverkinu. Í *Arnbjörgu* er það hlutverk rætt til hlítar. Þess er vænst af mæðrum að þær sjái um menntun drengja að 10 ára aldri en stúlkurnar sjái þær ávallt um. Góð móðir elskar börnin sín jafnt, er þolinmóð og leyfir þeim að leika sér úti við. Ófrískar konur eiga að varast kvíða, reiði og hræðslu á meðan meðgöngu stendur því slíkt getur haft slæm áhrif á

³⁵ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 61-62.

³⁶ William Jackson Hooker, *Ferð um Ísland 1809*, (2000) bls. 67.

³⁷ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, 53 og 60.

³⁸ Sama heimild, bls. 127 og 133.

hið ófædda barn.³⁹ Móðir á að vera börnum sínum fyrirmynd og hún á að kenna dætrum sínum góðan fótaborð, göngulag og málfar „þarímóti venur hún af þeim flyss, mumparaskjælur, grettur; hún líður þeim ekki at tafsa, ekki at hlaupa á síðustu atkvæðum orða, [...] og varar [þær] líka við mörgu öðru látgæði“.⁴⁰ Sambandi móður og barns lauk ekki þegar börnin voru komin á fullorðinsár. Séra Björn talar lítið um hlutverk gamalla mæðra og eldri kvenna innan samfélagsins en við komum betur að þeim síðar. Ekkjur höfðu ýmis réttindi umfram aðrar konur og Henry Holland skrifar að Sophie Katrine, kona Hans Hjaltalíns, hafi rekið verslun mannsins síns að honum fjarverandi.⁴¹ Slíkar konur voru nú samt yfirleitt undantekningar. Þær konur sem stóðust væntingar samfélagsins og náðu að halda heimili og ala börn enduðu ævi sína yfirleitt inni á heimilum góðverkafólks, einna helst börnunum sínum, því engin elliheimili voru til staðar á þeim tíma. Raddir vinnukvenna og þeirra fátæku eru ekki til í heimildum sem varðveist hafa til dagsins í dag, þá ekki nema í dómskjöllum. Þessar jaðarkonur eru ekki síður mikilvægar en hinar. Allar konur (sem og menn) áttu það sameiginlegt að vera upp á aðra komnar í elli sinni. Betur verður farið í stöðu þeirra síðar en fyrst ber að hlusta á raddir þeirra kvenna sem varðveist hafa til dagsins í dag í gegnum æviminningar, bréf og aðrar heimildir. Voru hinar raunverulegu konur 19. aldarinnar fyrirmyndarkonur líkt og Arnbjörg?

3. „Hinar“ konurnar

Bréf skrifuð af konum sem hafa varðveist í dag voru í flestum tilfellum—jafnvel *öllum*—skrifuð af heldri konum svo sem sýslumannsfrúm, biskupsfrúm, prestsfrúm og þar fram eftir götunum. Jafnvel þótt þær hafi verið hátt settar innan íslensks samfélags þá valt allt á eiginmönnum þeirra. Ef sýslumaðurinn dó þá var ekkjan hans illa sett því að heimilið hennar færðist í hendur nýju sýslumannshjónanna. Gift bóndakona gat erft það land sem hún og bóndi hennar höfðu átt og ræktað í gegnum árin og hún gat valið hvort hún giftist aftur eður ei. Heldri frú sem reiddi sig á starfsheiti eiginmanns síns var ekki svo heppin. Heimildir eru götóttar hvað varðar innstu vonir þessara kvenna en hér verður athugað hver staða þeirra hafi verið og hversu líkar þær hafi verið lýsingum séra Björns.

Vinnufólk var stór hluti þjóðarinnar en lítið var skrifað innan þeirra stéttar. Ingibjörg Jónsdóttir, sem áður hefur verið nefnd, var hins vegar þjónustustúlka hjá Ólafi stiftamtmani

³⁹ Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, bls. 19 og 21-23.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 26.

⁴¹ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 155.

í Viðey sem var æðsti embættismaður Íslands á þeim tíma.⁴² Þau bréfaskrif sem hér eru til umræðu áttu sér stað á árunum 1809-1815. Ingibjörg var þá um þrítugt með aðsetur í Viðey vegna vinnu sinnar og móðir hennar bjó með henni. Hún hafði þá unnið fyrir Ólaf í 14 ár og fannst henni hún ekki fá nægilega há laun.⁴³ Grímur bróðir hennar sem var viðtakandi bréfa hennar var staddur í Kaupmannahöfn í herskóla eins og áður var getið og voru þær mæðgur sífellt að senda honum peninga og föt eða þvíumlíkt á meðan á námi hans stóð. Reyndar fór varla bréf frá Ingibjörgu án þess að hún nefni einhverja peninga eða hluti sem þær mæðgur láta fylgja með sem og skuldir sem móðir þeirra ætla að borga fyrir hann heima á Íslandi.⁴⁴ Auk þess talar Ingibjörg oft um heilsubresti móður sinnar⁴⁵ svo ætla má að þær hafi lifað afar sparsömu lífi. Ingibjörgu beið mikil óvissa þegar heilsa vinnuveitanda hennar fór að hraka og sagði hún bróður sínum frá því.⁴⁶ Ingibjörgu fannst lífið fremur tilbreytingalaust og dreymdi hana um að fara út til bróður síns en hún gerði sér grein fyrir skyldum sínum heima fyrir, þá sérstaklega gagnvart móður sinni; „ekki má eg þenkja til að fara þangað vegna móður minnar, því guðlast væir að vilja yfirgefa hana, gamla og lasna, þó eg sé henni ónýt.“⁴⁷ Vinnudagur þjónustustúlkna var ekki jafn erfiður og hjá vinnukonunum en líklega var sú óvissa um stöðu sína sem Ingibjörg upplifði ekki ólík þeirri sem vinnukonur þurftu að glíma við. Ingibjörg var svo heppin að eignast vonbiðil sem sýndi henni mikla þolinmæði. Hún giftist honum að lokum og hann gat séð fyrir henni og móður hennar en slík örlög biðu ekki öllum þjónustustúlkum 19. aldarinnar.

Bréf Ingibjargar eru skemmtileg lesning því hún er svo einlæg. Slík einlægni er ekki sjálfsögð í bréfum í byrjun 18. aldar því ákveðið form virðist vera á flestum bréfum. Finnur Sigmundsson tók saman íslensk sendibréf og gaf í framhaldi þess út tvær bækur sem innihéldu einungis sendibréf skrifuð af konum. Hópin sem þar ber að líta er fjölbreyttur og eru þar tvær eldri konur sem bera nafnið Ragnheiður. Bréf þeirra beggja eru frá aldamótunum 1800. Ragnheiður Finnsdóttir var yngst barna Finns Jónssonar biskups og var hún fædd árið 1749 (d. 1831).⁴⁸ Þau bréf sem til eru eftir hana voru skrifuð þegar hún var komin yfir fimmtugt. Ragnheiður var trúrækin en hún lofar ávallt Guði og Jesú heilsu sína og

⁴² Finnur Sigmundsson, „Formáli“, bls. X.

⁴³ *Húsfreyjan á Bessastöðum*, bls. 28.

⁴⁴ Sama heimild, bls. 4, 7, 17, 18, 21.

⁴⁵ Sama heimild, bls. 16.

⁴⁶ Sama heimild, bls. 31.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 10.

⁴⁸ *Konur skrifa bréf*, bls. 7.

þeirra sem voru henni nálægir. Hún nefnir ávallt brúðkaup, jarðarfarir og skírnir, talar um veðurfar, fólksferðir, skipakomur og það sem helst var að fréttu. Bréfin hennar eru góð heimild til stuðnings kirkjubóka um fæðingar- og dánartíðni því mikið er um þesskonar fréttir í hennar bréfum. Ólíkt Ingibjörgu skrifar Ragnheiður lítið um sín einkamál og leggur meiri áherslu á það sem helst er í fréttum í nágrenninu. Sonur Ragnheiðar, Finnur, var þá í námi í Kaupmannahöfn líkt og bróðir Ingibjargar og sendir Ragnheiður honum peninga þegar hún getur, en hún vonar til síns góða Guðs „að hann sjái til [Finns] og láti hann ekki líða nauð.“⁴⁹

Ragnheiður Þórarinsdóttir (1738-1819) skrifar sín bréf þegar hún var á sjötugsaldri. Þá hefur hún misst bæði manninn sinn Jón (sem var sonur Skúla landfógeta) vegna veikinda og einkason sinn Jón Vidoe sem drukknaði stuttu eftir lát föður síns.⁵⁰ Ragnheiður átti heima í Viðey og fékk hún að vera þar eftir dauða mannsins hennar á vegum tengdaföður síns, þar næst fékk hún vernd Ólafs stiftamtmanns en þegar hann lést þurfti Ragnheiður að finna sér annan samastað og skrifar hún að „[s]trax eftir að eg var búin að fá vissu um það, að við Guðrún mín máttum ei saman hokra, og með því eg var orðin ónýtt að róla við umhugsun hokursins, tók eg fyrir mig að biðja Vigfús bróður minn að lofa mér að deyja hjá sér.“⁵¹ Hún flytur því að Hlíðarenda til bróður síns og segir hún sjálf að ferðin þangað hafi aðeins tekið fimm daga þrátt fyrir að hún væri 75 ára og hefði ekki setið hest í 49 ár.⁵² Guðrún þessi var dóttir Skúla sýslumanns og sambýliskona Ragnheiðar.⁵³ Hún skrifar Grími Jónssyni bróður Ingibjargar um þessa flutninga þeirra frá Viðey, og upplifir hún sömu óvissu og Ragnheiður en hún skrifar „[e]kki veit eg hvort eg fæ að deyja hér [í Viðey]“⁵⁴ í bréfi sínu til Gríms. Ragnheiður Þórarinsdóttir skrifar, eins og Ragnheiður Finnsdóttir, um dauðsföll, fæðingar og giftingar. Hún lítur mjög raunhæfum augum á lífið og tilveruna. Bréfin hennar voru einnig skrifuð til Gríms en hann átti þá konu og var búinn að eignast eina dóttur. Óskar Ragnheiður þess innilega að „guð vildi gefa [honum] dreng þessu næst, því allar stúlkur eru ekkert, ef drengur er ei með.“⁵⁵

Þótt þessar konur hafi verið á ólíkum aldri og hafi lifað ólíku lífi þá áttu þær það samt sameiginlegt að geta ekki gert það sem þær vildu því þær höfðu skyldum að gegna og/eða

⁴⁹ *Konur skrifa bréf*, bls. 15.

⁵⁰ Sama heimild, bls. 33.

⁵¹ Sama heimild, bls. 39.

⁵² Sama heimild, bls. 39.

⁵³ Guðrún var Skúladóttir landfógeta og var hún sambýliskona Ragnheiðar á meðan hún bjó í Viðey. Sjá neðanmálsgrein bls. 40 í *Konur skrifa bréf*.

⁵⁴ *Sendibréf frá íslenskum konum*, bls. 53.

⁵⁵ *Konur skrifa bréf*, bls. 40.

þær voru upp á aðra komnar. Þótt að þær hafi ekki verið (á tímum þessara bréfaskrifa) „Arnbjörgin“ sem séra Björn hafði í huga þá bjuggu þær samt sem áður yfir þeim persónuleikaeinkennum sem hann hafði miklar mætur á. Þær voru góðar við gesti og nágranna, þær settu ávallt aðra í fyrirrúm og voru sparsamar. Á stöku stað eru ástarmál annarra nefnd, til að mynda skrifar Ragnheiður Finnsdóttir að „sr. Jón Hjaltalín vilji fá sér fyrir forsjónar kvenmann jómfrú Gróu á Reynivöllum, og halda menn að það verði framgengt með allra samþykki utan bróður hennar mr. Hálfðanar, sem þykir foreldrum sínum hún ómissanleg.“⁵⁶ Þær voru nú samt fremur orðvarar og er lítið um helbert slúður í bréfaskrifum þeirra.

4. Ferðalög, vonir og þrár

Hvort þær konur sem hér hefur verið fjallað um gerðu það sem til var ætlast af þeim eða ekki þá má ætla að þær hafi sumar ferðast, orðið ástfangnar, misst börn og lifað við skort, en allar áttu þær persónulega drauma og þrár. Slíkum atriðum er sleppt í *Arnbjörgu* og Erla Hulda nefnir í *Nútímans konur* að sumar af hugmyndum séra Björns hafi verið úreltar þegar bókin hafi komið út og að tilgangur bókarinnar hafi verið ákveðið andsvar við óþægum konum.⁵⁷ Reyndar bendir Erla Hulda einnig á að mikil gróska hafi verið á 19. öldinni í útgáfu leiðbeiningarrita fyrir og um konur—þetta bendir til þess að sumar konur hafi verið farnar að ímynda sér annars konar lífskjör en það sem þeim hafði venjulega boðist.⁵⁸

Eins og áður kom fram átti Ingibjörg Jónsdóttir sér þann draum að ferðast til Kaupmannahafnar til bróður síns. Séra Björn myndi nú ekki leggja blessun sína á að konur haldi í könnunarleiðangra út í heim enda voru ferðalög kvenna út fyrir landhelgina mjög óalgeng á þessum tíma. Anna Agnarsdóttir sagnfræðingur skrifar að einungis hafi örfáar konur ferðast út í heim fyrir aldamótin 1800 en þar má telja hefðarkonuna Ólöfu ríku sem fór til Kaupmannahafnar með manni sínum 1456, Guðríður Ingimundardóttir fór til Englands með sínum manni á fyrri hluta 15. aldar og íslenskar konur finnast á skrá sem þjónustustúlkur í Bristol árið 1484.⁵⁹ Þessar konur voru undantekningar frá reglunni en karlmenn voru mun víðförlari á þessum árum. Þá má nefna Jón Indíafara, Eirík víðförla og

⁵⁶ *Konur skrifa bréf*, bls. 16.

⁵⁷ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 85-86.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 86.

⁵⁹ Anna Agnarsdóttir, „Hundadagadrottningin heldur út í heim 1812-1814“, bls. 123.

Árna frá Geitastekk.⁶⁰ Þá komum við að áhugaverðri konu sem braut allar reglur samfélagsins á sínum tíma. Þrátt fyrir það var talið að hún yrði fyrsta íslenska „drottning“ landsins þótt hún væri lítið lík henni Arnbjörgu. Hér er að sjálfsgöðu verið að tala um Guðrúnu Einarsdóttur, hundadagadrottninguna sjálfa.⁶¹

4.1 Guðrún Einarsdóttir hundadagadrottning

Fæðingarár Guðrúnar er óvíst en líklegt er að hún hafi fæðst í kringum 1790⁶² og voru foreldrar hennar Einar Jónsson tómthúsmaður (f. 1761) og Málfríður Einarsdóttir (f. 1764). Guðrún átti heima í Reykjavík og var hún skráð sem vinnukona í Klúbbnum (Scheelshús) árið 1816. Klúbbur sá var spila- og drykkjuklúbbur þar sem „[ó]heft losun munnvatns“ á gólfið var vanaleg, þar voru „allmargar konur, sem illa hefðu þolað nákvæma rannsókn á siðprýði sinni“ og þar mátti sjá „sjálfan biskupinn leggja blessun sína yfir lesti í sinni verstu mynd.“⁶³ Greinilega var Klúbburinn ekki í hávegum hafður en þar vann Guðrún og hefur fegurð Guðrúnar án efa ekki verið henni til trafala þegar hún vann á þar, en Henry Holland lýsir Guðrúnu sem einni „af fegurstu stúlkum Reykjavíkur.“⁶⁴ Tengslanet hennar var vítt en hún var heitbundin Jörgen Jörgensen og fékk þaðan viðurnefnið „hundadagadrottningin.“⁶⁵ Guðrún hóf störf sem þerna verslunarstjóra Phelps sápukaupmanns, James Savignac, eftir að stjórnartíð Jörgens lauk og hann var sendur aftur til Englands. Guðrún eignaðist fleiri vini og varð hún þvínæst að þernu John Parkes, enska konsúlsins á Íslandi. Heimildum ber ekki saman með hverjum Guðrún hafi farið til Englands, Savignac eða Parke, en til Englands fór hún árið 1812.⁶⁶ Samkvæmt Jörgensen fór hún með Savignac til Englands og varð fyrir áfalli þegar í ljós kom að hann var giftur. Savignac var einnig handtekinn stuttu eftir komu þeirra til Englands svo Guðrún var illa stödd. Parke reyndi að notfæra sér örvæntingu Guðrúnar og á hann að hafa „gert henni tilboð sem engin heiðvirð kona hefði tekið í mál.“⁶⁷ Ekki var Guðrún vinamörg þegar hér er komið við sögu og var það þá Sir Joseph Banks sem hafði farið í vísindaleiðangur til Íslands árið 1772 og var mikill Íslandsvinur sem rétti henni hjálparhönd.

⁶⁰ Sama heimild, bls. 123.

⁶¹ Sama heimild, bls. 139.

⁶² Samkvæmt gagnagrunni Íslenskrar Erfðagreiningar er Guðrún fædd árið 1791 en hún til er skjal sem staðfestir að hún hafi fermst árið 1803 og þá verið 14 ára, bendir sú heimild til þess að hún hafi fæðst árið 1789. Sjá Anna Agnarsdóttir, „Hundadagadrottningin heldur út í heim 1812-1814“, bls. 124.

⁶³ Andrew Wawn, „Hundadagadrottningin“, bls. 101-102.

⁶⁴ Henry Holland, *Dagbók í Íslandsferð 1810*, bls. 61.

⁶⁵ Anna Agnarsdóttir, „Hundadagadrottningin heldur út í heim 1812-1814“, bls. 125.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 126-27.

⁶⁷ Sama heimild, bls. 127.

Líklegt þykir að Guðrún hafi haft með sér meðmælabréf frá einhverjum háttsettum Íslending til að mynda Geir Vídalín biskup, en biskupinn vildi að Guðrún ferðaðist til Englands til þess að læra að sauma.⁶⁸

Guðrún eyddi sumrinu 1813 hjá Howard hjónum nokkrum, líklega við að gæta barnanna þeirra. Eftir að Savignac var sendur í Fleet fangelsið (vegna skulda) fór hún að heimsækja hann en hún var á þeim tíma orðin fremur félítill og þurfti að setja mikið af fötunum sínum í pant. Þrátt fyrir slæmar aðstæður og fjölmargar heimsóknir til Savignac þá fullyrti Jörgensen að Guðrún héldi enn dyggð sinni.⁶⁹ Guðrún hélt enn virðingu sinni og vildu Jörgensen og Banks hjálpa henni til að komast aftur heim til Íslands. Hún neyddist samt sem áður til þess að eyða öðrum vetri á Englandi. Guðrún fékk húsnaði hjá fátækri ekkju sem bjó til regnhlífar en vegna þess að regnhlífagerð var ekki nytsamlegasta iðnin fyrir íslenska stúlku að læra fór hún þvínæst út í sveit að gæta barna fyrir Stanley hjónin. Hjá Stanley hjónunum var hún veturinn 1813-1814 og skrifaðist hún mikið á við lafði Stanley eftir veru sína hjá þeim.⁷⁰ Í lok sumarsins 1814 komst Guðrún loks heim með mikilli hjálp frá Hans Frederik Horneman (sem hafði verið ræðismaður Dana en var þá umboðsmaður danskra stríðsfanga) og þingmannsins Samuel Whitbread. Guðrún var heppin að komast heim því að færri skipaferðir voru til Íslands meðan á Napóleonsstyrjöldunum stóð.⁷¹

Guðrún entist ekki lengi heima í Reykjavík en í bréfi til lafði Stanley skrifar hún „oh am I destined to live her all my days the thought is dreadfull, every thing appears very miserable to me her & as much as I try to hiede from my perants that I am unhappy they se it to my very great distress“.⁷² Guðrúnu bauðst fljótt að fara til Danmerkur með fjölskyldu sem ætlaði að finna fyrir hana vinnu þar. Hún kemst til Kaupmannahafnar en engar heimildir varpa ljósi á hvað hún gerði þar, reyndar hafa engar heimildir fundist um Guðrúnu frá árinu 1816 þangað til ársins 1845. Þá er til bréf sem Guðrún skrifar Finni Magnússyni leyndarskjalaverði í Kaupmannahöfn. Þar biður hún Finn um hjálp því hún eigi ekki mat handa sér og dóttur sinni, Málfríði; „Malfridur litla geingur úti á hvorium Deigi ad Læra ad Sauma Vesti, og það er mier so þúngt eckert ad gieta gievid henni ad borda þegar hún kiemur heim, gud veit ieg á ecki

⁶⁸ Sama heimild, bls. 127.

⁶⁹ Sama heimild, bls. 128-29.

⁷⁰ Andrew Wawn, „Hundadagadrottningin“, bls. 97.

⁷¹ Anna Agnarsdóttir, „Hundadagadrottningin heldur út í heim 1812-1814“, bls. 133-35.

⁷² Andrew Wawn, „Hundadagadrottningin“, bls. 115.

einn Skilding eda Braud í minni Húsi.“⁷³ Fegurðardrottningin frá Íslandi sem ferðaðist til Lundúna, Liverpool og Kaupmannahafnar. Kynntist konsúlum, þingmönnum, Jörundi hundadagakonungi og fjölda annarra lauk ævi sína betlandi mat fyrir sig og barnið sitt.⁷⁴

Þegar ævi Guðrúnar er sett svona upp eins og listi af staðreyndum hljómar hún eins og tilbúningur sem feður gætu sagt dætrum sínum til að varna þeim frá því að fara að heiman. Guðrún var stórmerkileg kona, ekki bara vegna þess tíma sem hún fæddist á heldur einnig vegna alls þess sem hún upplifði. Í bréfum hennar til lafði Stanley má sjá sjálfsörugga og sjálfstæða konu⁷⁵ en gjörðir hennar ganga þvert gegn því sem samfélagið væntist af konum á hennar tíma. Talsverðs hugrekkis hefur án efa krafist til þess að fara ein út í heiminn í byrjun 19. aldar og sorglegt er að saga hennar skyldi ekki hafa farsælli endi en raun varð á. Þrátt fyrir sorgleg sögulok þá verður ekki hjá því komist að líf Guðrúnar var afdrifaríkt og án efa stórskemmtilegt á köflum. Hægt er að velja því fyrir sér hvort að konur sem völdu hefðbundnari leið í lífinu hafi átt jafnviðburðaríka ævi. Þótt það sé nú varla hægt að bera slíkar sögur saman þá ber samt að líta á aðra konu sem gerði það sem til var ætlast; giftist, hélt heimili og átti börn og buru.

4.2 Gyða Thorlacius

Heimildir eru misáreiðanlegar og þarf því að meta sannleiksgildi hvernar þeirra fyrir sig. Endurminningar byggjast ekki einungis á því sem manneskja man um sjálfa sig (sem getur verið vandasamt ritefni því öll viljum við að okkar sé minnst á sem bestan veg) heldur eru þær skrifaðar af utanaðkomandi aðila sem tekur sér þann höfundarrétt að síja og laga þar sem henni finnst það eiga við. Þessi bók hefur samt þann annmarka að hún er ekki til í upprunalegu formi, heldur er hún einungis til útbúin til prentunar af tengdasyni hennar, Viktor Bloch. Þrátt fyrir það þá er *Endurminningar frá Gyðu Thorlacius* merkileg heimild sem lýsir lífi Gyðu og samtíma. Bókin er sett upp á ljóðrænan hátt þar sem bæði stórbrotnir og lítilvægir atburðir koma fram á sjónarsviðið.

Gyða Thorlacius fæddist árið 1782 í Danmörku. Hún giftist Þórði Thorlacius, sem var íslenskur í föðurætt, í byrjun árs 1801. Þórður var menntaður lögfræðingur og bauðst honum staða sýslumanns í Suður-Múlasýslu og þangað fór hann með 19 ára brúði sína sumarið

⁷³ Anna Agnarsdóttir, „Hundadagadrottningin heldur út í heim 1812-1814“, bls. 138.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 138-39.

⁷⁵ Sjá bréf Guðrúnar í grein Andrew Wawn, „Hundadagadrottningin“, *Saga* 23:1 (1985), bls. 97-133.

1801.⁷⁶ Gyða var dönsk en hélt heimili á Íslandi í 15 ár, landi sem hún hafði litla vitneskju um áður en hún giftist Þórði. Vægast sagt upplifði Gyða töluvert menningaráfall þegar hún kom til landsins en heimili Íslendinga, sem hún lýsir sem „grænum smáhólum“⁷⁷, voru rök, köld og mörg höfðu moldargólf.⁷⁸ Hvað þessi 19 ára danska stúlka var að hugsa þegar hún sá aðstæðurnar þar sem hún átti að byggja heimili er vart hægt að ímynda sér. Gyða tók áskoruninni og gerði sitt besta, en hún átti oft í erfiðleikum með íslenska náttúru og veðurfar.

Stuttu eftir að Gyða og Þórður komu að Eskifirði, sem átti eftir að verða heimili þeirra næstu árin, var þeim boðið í brúðkaup í Norður-Múlasýslu. Þau þáðu boðið og Gyða lagði á sig 75 kílómetra leið á hesti. Þó hún gæti hafa verið von hestakona þá geta 75 kílómetra á einum degi (og þá að öllum líkindum í söðli) farið illa með hvern sem er; hvað þá barnshafandi konu líkt og Gyða var á þeim tíma. Hún veiktist og missti af hátíðarhöldunum eftir brúðkaupið.⁷⁹ Skömmu eftir að þau komu aftur heim lagði skip Wulffs kaupmanns af stað til Kaupmannahafnar og fór sýslumaðurinn með honum í skipinu nokkrar mílur sem venja var. Mikið óveður bar þá að garði og varð Gyða mjög hrædd um Þórð. Slíkur ótti var skiljanlegur í þeim kringumstæðum en út í gegnum endurminningar Gyðu verður hún mjög oft ofsahrædd, fær móðursýkisköst, lætur ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur og hún sér ávallt hið versta fyrir sér.

Gyða átti sinn fyrsta son, Birgi (d. 1865) í byrjun 1802 en var hún óundirbúin fæðingunni því hún hafði ekki fengið neina fræðslu fyrir hana. Eftir fæðinguna varð hún veik og fékk stálma í brjóstið. Læknishjálpin sem bauðst var gamall maður sem kyrjaði sálma, hann vildi ekki skera í brjóstið því allir hnífarnir hans voru svo ryðgaðir. Verkirnir fóru vaxandi og það var ekki fyrr en 14 vikum síðar að henni batnaði.⁸⁰ Erfitt hefur þetta fyrsta ár Gyðu verið á Íslandi. Vorið 1803 eignaðist Gyða annan son, sem nefndur var Pétur. Gyða játar sjálf í æviminningum sínum að hún hafi verið óvarkár hvað varðaði heilsu sína og þá sérstaklega barnanna sinna. Fáfræði hennar var töluverð og fór hún til að mynda 15 kílómetra á hestbaki haldandi á hvítvoðungnum vöfðum inn í dúnsæng. Þrátt fyrir glæfraskapinn í ungri móður fór allt vel í það skiptið. Því miður fór það svo að Pétur dó í byrjun árs 1805. Gyða var óhuggandi

⁷⁶ Sigurjón Jónsson, „Formáli“, bls. 5.

⁷⁷ Gyða Thorlacius, *Endurminningar*, bls. 15.

⁷⁸ Sama heimild, bls. 16.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 19 og 23.

⁸⁰ Sama heimild, bls. 26-27.

og var hún lengi að jafna sig eftir missinn.⁸¹ Árin 1806 og 1807 fæddust Gyðu tveir synir til viðbótar, þeir Skúli (d. 1870) og Sófus (d. 1858). Á Þorláksmessu 1808 var ósk Gyðu um að eignast dóttur uppfyllt, sú fékk nafnið Kristjana (d. 1874).⁸² Því miður varð Gyða mjög veik eftir fæðinguna, gat því ekki annast ungbarnið og henni varð að koma í fóstur. Aðskilnaðurinn var Gyðu mjög erfiður en hún gerði sér grein fyrir nauðsyn hans, Kristjönu fengu þau aftur næsta vor.⁸³ Árið 1811 fæddist önnur dóttir, Agata (d. 1872), og eftir þá fæðingu fór Gyðu að vaxa styrkur, en hún hafði verið mjög veik fyrir fæðinguna. Til Kaupmannahafnar fóru sýslumannshjónin 1812 og skildu þau Agötu eftir á Íslandi því Gyða var aftur barnshafandi. Gyða Andrea fæddist svo í Kaupmannahöfn en dó stuttu síðar. Ekki eru fleiri börn nefnd í æviminningum Gyðu en eins og margar konur í byrjun 18. aldarinnar var Gyða búin að vera meira og minna ófrísk í 10 ár og búin að missa tvö börn.

Eins og var áður nefnt var Gyða mjög óttafull og átti hún móðursjúkar tilhneigingar. Hún var oft veik og þá til langs tíma.⁸⁴ Það gæti hafa átt þátt í því að Þórður tók stundum óvenjulegar ákvarðanir hvað hana varðaði. Vorið 1805 bárust Þórði þær fréttir frá Danmörku að faðir Gyðu hafi látist. Í stað þess að segja konunni sinni þær sorgarfréttir samstundis stingur hann upp á því að hún fari með sér til Eskifjarðar daginn eftir til þess að fá fréttir frá Danmörku. Gyða fer því með honum og fær þá að fréttu að faðir hennar sé dáinn.⁸⁵ Sigurjón Jónsson sem þýddi þessa bók telur að Þórður hljóti að hafa aðeins fengið þær fréttir að faðir Gyðu lægi dauðvona, þess vegna hafi hann ekki viljað segja Gyðu fréttirnar heldur bíða næsta skips.⁸⁶ Hver sem ástæðan var þá verður það að teljast sérkennilegt að undirbúa Gyðu ekki undir þær slæmu fréttir sem Þórður hlýtur að hafa vitað að væru á leiðinni. Annað dæmi um undarlega hegðun Þórðar gagnvart tilfinningum konu sinnar er þegar Gyða Andrea dó á leið þeirra frá Kaupmannahöfn til Íslands. Fengu hjónin ekki leyfi til að jarða barnið í Svíþjóð þar sem þau voru við akkeri fyrr en einhverjum dögum síðar svo ákveðið var að jarða hana í Skotlandi. Illa gekk að komast til Skotlands vegna veðurs og var líki barnsins sökkt í sjóinn einn morguninn þegar Gyða svaf. Henni var ekki sagt frá því fyrr en þau komu til Leith að

⁸¹ Sama heimild, bls. 31, 33 og 44.

⁸² Sama heimild, bls. 63.

⁸³ Sama heimild, bls. 68.

⁸⁴ Gyða nefnir veikindi sín margoft til að mynd á blaðsíðum 26, 30, 34 og 64. Hún var yfirleitt með hósta á veturna og svo varð hún oft veik fyrir/eftir barnsburð.

⁸⁵ Sama heimild, bls. 45-46.

⁸⁶ Sjá neðanmálgrein blaðsíðu 45 í *Endurminningar frá Gyðu Thorlacius*.

hafa verið á sjó í þrjár til fjórar vikur.⁸⁷ Skiljanlega er erfitt að hafa lík í meðför á rúmsjó en að láta móður barnsins ekki vita af þessu er meira en lítið undarleg hegðun. Að öllum líkindum hefur Þórður talið að Gyða réði ekki við þetta og því hafi hann farið á bakvið hana.

Árin sem Gyða bjó á Íslandi voru einstaklega erfið vegna Napóleonsstyrjaldanna en ófriður ríkti í Evrópu öll árin sem Gyða var á Íslandi. Mikill kvíði og óvissa fylgdi hverju vori en Íslendingar reiddu sig á matarbyrgðir sem skip komu með frá Danmörku. Veturinn 1811 var sérstaklega erfiður en þá sat ís við strendur Íslands allt vorið svo erfitt var að veiða.⁸⁸ Margir dóu úr hungri og þurfti Gyða að vera úrræðagóð til að láta matarbirgðir heimilisins endast út árið. Vorið 1808 rak hval á land og bjargaði það mörgum en slík heppni var ekki vís og mörg ár lifðu þau við magran kost.⁸⁹ Ekki var Gyða aðeins góð í verkun matvæla heldur var hún líka með matjurtagarð sem bjargaði hjónunum margoft þegar þau voru kominn í hann krappan. Gyða var sérlega þung í skapi eftir löng og strembin veikindi og hún skrifar að hún hafi verið „mesti aumingi, sjálfri mér og öðrum til kvalræðis. Ég var aldrei glöð, og mér var meira að segja skapraun að því að sjá, að vel lægi á öðrum. Stundum var ég sígrátandi, stundum gat ég ekki með nokkru móti grátið. Hvað lítið sem ég nærðist, varð mér svo þungt, að mér fannst ég ætla að kafna.“⁹⁰ Stuttu eftir þessa niðursveiflu Gyðu brást uppskeran í matjurtagarðinum hennar vegna næturfrosts í maí og á þeim tímapunkti var hún við það að brotna niður. Bar þá gest að garði sem léta hana fá fræ frá Frydensberg landfógeta í Reykjavík. Hann hafði þá heyrt um garðyrkju Gyðu og vissi að það hlyti að vera fræskortur þar á bæ.⁹¹ Þegar það fréttist að mikil gróska væri í matjurtagarði Gyðu var lögskoðun gerð á garðinum árið 1802 og sæmdi danska Landbúnaðarfélagið henni verðlaunapening úr silfri. Sömu verðlaun hlaut Gyða aftur 1810.⁹²

Þótt Gyða ræki stórt heimili og ætti mörg börn þá saumaði hún flíkur, kjóla og hatta fyrir heldri konur í sveitinni og fékk mat í skipti. Hún fékk einnig rúg, hænsni og önnur matvæli frá nágrönnum sínum sem hún borgaði með afurðum matjurtagarðsins.⁹³ Gyðu var margt til lista lagt og er líklegt að hún hafi verið fyrst til að kenna Íslendingum „patentþrjón“ en þegar maðurinn hennar stakk upp á að hún ætti að fá „yfirlýsingu embættismanna og

⁸⁷ Gyða Thorlacius, *Endurminningar*, bls. 95-96.

⁸⁸ Sama heimild, bls. 83.

⁸⁹ Sama heimild, bls. 58.

⁹⁰ Sama heimild, bls. 68.

⁹¹ Sama heimild, bls. 68-69.

⁹² Sama heimild, bls. 30 og 80.

⁹³ Sama heimild, bls. 56 og 107.

verzlunarmanna á Eskifirði“ þess efnis þá vildi hún það ekki því það gæti vakið öfund annarra.⁹⁴ Slík hógvæð hefði án efa gert séra Björn ánægðan. Skipakomur voru óáreiðanlegar og stundum komu þau með minni birgðir en venja var svo lífið var erfitt og sífelld barátta. Sagt er að erfitt sé að setja sig í spor fólks sem lifði á fyrri tímum en það er líklega nær því að vera ómögulegt í þessu tilfalli; Gyða lifði gífurlegan skort, ótta við víkingaskip,⁹⁵ barnsmísi og veikindi. Maðurinn hennar var oft fjarverandi í sýslumanns-erindum⁹⁶ og hún var heima ófrísk með börnin og vann hörðum höndum við að eiga í þau og á. Þrátt fyrir að hafa verið dönsk að uppruna þá uppfyllti Gyða skilyrði séra Björns að mörgu leyti. Hún var góð vinnukona, sparsöm, nytin og hún var góð við þurfamenn, gesti og nágretta. Hún var dyggðug eiginkona þrátt fyrir að vera langt frá því að vera eins ljúflynd og séra Björn hefði viljað, en enginn er víst alveg fullkominn.

Niðurstöður

Þessi ritgerð hófst á tilraun til þess að sýna fram á að konur fortíðannar hafi ekki verið svo ólíkar konum dagsins í dag, heldur að það sem hafi breyst hafi verið samfélagið sem við lifum í. Það er í eðli flestra að óttast hið ókunna og halda í hið þekkt. Gömlum kynslóðum blöskrar ætíð það sem yngri kynslóðir taka sér fyrir hendur og vill eldri kynslóðin að koma kostum sinnar kynslóðar áfram til þeirrar næstu. Fyrirmyndarkonu séra Björns verður að dæma út frá því að hann var orðinn vel fullorðinn þegar hann skrifaði um hana. Hvort sem tilgangurinn hafi verið að halda í gamla tíðarandann og stöðva þær breytingar sem voru að gerast í samfélaginu er óvíst. Lýsing séra Björns á fyrirmyndarkonunni átti rétt á sér á hans tíma en tímarnir voru að breytast, hratt. Þetta má augljóslega sjá með bók Magnúsar Stephensens sem kom út aðeins 40 árum síðar. Hávær rödd Helgu í *Ræðum Hjálmars á Bjargi* er vísbending breyttra tíma og um að konur efuðust hlutskipti sín. Magnús var samt sem áður ekki svo framúrstefnulegur að hann gæti lagt fram róttækari lausn við vanda Helgu en *hugsaðu þig vel um hvaða manni þú binst*. Helga er samt sem áður raunhæfari kona en Arnbjörg en hún spyr spurninga um umhverfi sitt og efast á meðan Arnbjörg er vinnusöm og hlýðin. Óraunhæft er að ætla að kona geti lifað lífi sínu ánægð í skugga annarrar mannsekju og að einu draumar og markmið hennar séu að annast aðra án þess að biðja um neitt í staðinn eins og séra Björn leggur til. Taka má tillit til þess að hann var prestur og eru því

⁹⁴ Sama heimild, bls. 108-109.

⁹⁵ Sama heimild, bls. 58.

⁹⁶ Sama heimild, bls. 29.

töluverðar líkur á því að hann hafi verið íhaldssamari en margir aðrir í hans samfélagi. Það gæti átt þátt í að skýra þann mikla mun sem eru á skrifum þeirra Björns og Magnúsar þótt aðeins 40 ár aðskilji ritunartíma þeirra.

Í byrjun 18. aldar beið konum lítið annað en hjónaband, ef þær voru svo heppnar. Annars var nánast eini kosturinn sá að verða vinnukona. Engin menntun eða starfsframi bauðst þeim annar en sá sem fannst innan heimilisins. Þess var vænst af þeim að vera duglegar vinnukonur sama í hvaða stétt þær fæddust því að munurinn milli stétta var ekki svo áþreifanlegur á fátæka Íslandi eins og hann var annars staðar í Evrópu á þeim tíma. Ingibjörg Jónsdóttir kvartaði yfir tilbreytingarleysi lífsins og hún hafði sína eigin drauma en hana langaði að ferðast til Kaupmannahafnar til Gríms bróður síns. Hann var líflína hennar og innsýn inn í heim sem henni var meinaður aðgangur að enda beið hún bréfa hans með mikilli eftirvæntingu. Ingibjörg var lánsöm á vissan hátt því hún giftist og hélt sitt eigið heimili. Aðrar lágtsettari vinnukonur eyddu sínu lífi vinnandi fyrir aðra. Líf Ingibjargar var samt ekki endilega *auðveldara* en líf annarra betur settra kvenna eins og saga Gyðu Thorlacius lætur í ljós. Eldri konur og ekkjur sem höfðu lifað sínu lífi og gátu ekki haldið heimili lengur eða lagt sitt af mörkum virðast hafa átt erfitt uppdráttar. Þær voru sendar á milli ættingja og góðverkafólks sem gat hýst þær og lifðu við mikla óvissu, en svona var lífið einfaldlega.

Örfáar konur brutust út úr því fyrirfram ákveðna sniði sem líf kvenna var eða átti að vera. Guðrún hundadagadrottning vann í Klúbbnum og ferðaðist til Englands og Danmerkur þar sem hún komst í kynni við áhrifamikla menn og fjölskyldur. Hún stóðst líklega ekki þær væntingar sem samfélagið hafði til hennar og endaði hún fátæk með barn á götum Kaupmannahafnar. Gyða Thorlacius sýndi annars konar styrkleika en Guðrún. Í byrjun endurminninga hennar var Gyða tiltölulega barnaleg og aum; síkvartandi, veik og barnshafandi. En með hverri blaðsíðu má sjá hina ungu konu harðna með veðri og vindum landsins. Lesandi æviminninga hennar kemst ekki hjá því að finna fyrir aukinni virðingu fyrir þessari formóður sem var föst á Íslandi og þurfti að sýna mikla kænsku, útsjónarsemi og ábyrgð til þess að lifa af. Gyða, líkt og margar konur sem lifðu á þessum tíma, þurfti að sýna meiri styrk í sínu daglega lífi en manneskja sem lifir við nútímalífsgæði gæti nokkurn tímann ímyndað sér.

Allt hljómar þetta ósköp erfitt og lýjandi. Sumar voru í þjónustu og báru ábyrgð á fjölskyldumeðlimum, yngri konur voru stöðugt barnshafandi að reyna að láta matinn endast út árið og hinar eldri luku ævinni upp á aðra komnar. Hvernig er hægt að vera til fyrirmyndar

Þegar þetta eru lífsskilyrðin? Staða kvenna var bág og litlir möguleikar buðust þeim. Að fara frá Íslandi var engin örugg leið að hamingjusömum endi. Lýsing séra Björns endurspeglar ekki endilega „nútímaviðhorf“ kvenna á hans tíma en margar konur þurftu að samræma þær væntingar sem hann útlístar í sínu riti við sínar eigin persónulegu drauma og þrár. Væntingar kvenna til lífsins og væntingar samfélagsins til þeirra voru ekki ávallt þær sömu en þrátt fyrir alla erfiðleikana sem biðu þeirra á hverjum degi sýndu þær heildstæða ímynd út á við og þær gerðu sitt besta í erfiðum aðstæðum. Án menntunar og mikilla tækifæra voru þær allar á sinn hátt landi sínu til sóma og fyrirmyndar.

Heimildaskrá

- Anna Agnarsdóttir. „Hundadagadrottningin heldur út í heim 1812-1814.“ *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Reykjavík (2001) bls. 121-139.
- Björn Halldórsson. *Arnbjörg, æruprýdd dáindiskvinna á vestfjörðum Íslands, afmálar skikkun og háttsemi góðrar húsmóður í húss-stjórn, barna uppeldi og allri innanbæar búsyslu*. E. [1. ár 1783]. J. Stardal sá um útgáfuna. Reykjavík, 1973.
- . *Atli, eða ráðgjörðir yngismanns um búnað sinn: helst um jarðar- og kvikfjárrækt aðferð og ágóða med andsvari gamals bónda*. [1. ár 1780]. Gísli Kristjánsson og Björn Sigfússin bjuggu til prentunar. Reykjavík, 1948.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903*. Reykjavík, 2011.
- Finnur Simgundsson. „Formáli.“ *Húsfreyjan á Bessastöðum. Bréf Ingibjargar Jónsdóttur til bróður síns, Gríms Amtmanns*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík (1946) bls. V-XIII.
- Gyða Thorlacius. *Endurminningar Gyðu Thorlacius: Frá dvöl hennar á Íslandi 1801-1815*. J. Viktor Bloch sá um útgáfuna. Reykjavík, 1947.
- Holland, Henry. *Dagbók í Íslandsferð 1810*. Reykjavík, 1960.
- Hooker, William Jackson. *Ferð um Ísland 1809*. Arngrímur Thorlacius sá um útgáfuna. Reykjavík, 2000.
- Húsfreyjan á Bessastöðum. Bréf Ingibjargar Jónsdóttur til bróður síns, Gríms amtmanns*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík, 1946.
- Konur skrifa bréf: Sendibréf 1797-1907*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík, 1961.
- Loftur Guttormsson. „Læsi.“ *Íslensk þjóðmenning* 6. Reykjavík (1989) bls. 117-144.
- Magnús Stephensen. *Ræður Hjálmars á Bjargi fyrir börnum sínum um fremd, kosti og annmarka allra stétta og um þeirra almennustu gjöld og tekjur*. Örn Hrafnkelsson bjó til prentunar. Reykjavík, 1999.
- Óþekktur höfundur. „Þrifna Konan.“ *Klaustur-Pósturinn* 1 (desember 1818) bls. 156-185.
- Sendibréf frá íslenskum konum 1784-1900*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík, 1952.
- Sigurjón Jónsson. „Formáli.“ *Endurminningar Gyðu Thorlacius: Frá dvöl hennar á Íslandi 1801-1815*. Reykjavík (1947) bls. 5-10.

Wawn, Andrew. „Hundadagadrottningin. Bréf frá Íslandi: Guðrún Johnsen og Stanleyfjölskyldan frá Cheshire, 1914-1816.“ *Saga* 23:1 (1985) bls. 97-133.